

Skógarvörðurinn á Norðurlandi: Starfsskýrsla fyrir árið 2018



Mynd: Lerkiplattar framleiddir á Vöglum.

Rúnar Ísleifsson

Efnisyfirlit

1. Veðurfar ársins	3
2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.....	3
2.1. Laufgun og lauffall	3
2.2. Vöxtur	3
2.3. Skaðar	3
3. Fræhús, fræsöfnun og fræsala	3
3.1 Fræhús og fræsöfnun	3
4. Starfsfólk.....	4
5. Girðingar.....	5
6. Skógarhögg.....	5
6.1. Grisjun	5
7. Sala afurða.....	6
7.1 Sala girðingarstaura.....	6
7.2 Viðarsala	6
7.3 Jólatri	7
8. Nýframkvæmdir	8
9. Gróðursetning	8
10. Byggingar	9
11. Vélar og verkfæri	9
12. Ýmislegt	9
12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir.....	9
12.2. Ferðafólk.....	10

1. Veðurfar ársins

Fyrstu mánuðir ársins voru fremur hægviðrasamir að undanskildum febrúarmánuði. Snjóalög voru í meðallagi. Snjór var að mestu horfinn úr Vaglaskógi í annarri viku maímánaðar. Mesta snjódýptin fyrri hluta árs mældist 1,23 metrar þann 9. mars.

Tíðarfar var hagstætt í apríl og maí, þurrviðrasamt og frekar hlýtt miðað við árstíma. Sumarið reyndist einnig hagstætt, milt en frekar votviðrasamt.

Haustmánuðirnir voru mildir en frekar úrkomusamir. Ekki festi neinn snjó að ráði fyrir en komið var fram í lok nóvember. Mest snjódýpt í desember reyndist vera um 0,96 metrar þann 3. desember og var rétt um 0,5 metrar í lok ársins.

Úrkoman var töluvert yfir meðallagi víða á norðaustanverðu landinu. Í Vaglaskógi reyndist ársúrkoman vera um 919,4 mm sem er um 19,6% yfir meðaltali. Í lok árs var nafni veðurstöðvarinnar í Vaglaskógi breytt úr Lerkihlíð yfir í það sem áður var notað, Vagllir II.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs

2.1. Laufgun og lauffall

Ekki skráð.

2.2. Vöxtur

Vöxtur reyndist vera í góðu meðallagi en þó slakastur hjá birki, sennilega vegna mikils birkiryðs árið áður.

2.3. Skaðar

Engin stærri snjóflóð sáust í innanverðum Fnjóskadal á svæðum Skógræktarinnar þótt auðvitað sjáist vegsummerki nánast á hverjum vetri.

Skemmdir af völdum tígulvefara sáust víða á skógum í Fnjóskadal. Birkiryð var ekki mjög áberandi síðla sumars í skógunum í Fnjóskadal en tilfinningin sú að mikið birkiryð árið áður hafi dregið úr vexti birkis í ár.

3. Fræhús, fræsöfnun og fræsala

3.1 Fræhús og fræsöfnun

Úr Fræhúsinu var safnað 3,65 kg af lerkifræi (yrki: Hrymur). Þar af var EL/RL 2,95 kg með 11% spírun og RL/EL 0,7 kg með 20% spírun. Einnig var safnað um 165 kg af stafafurukönglum af hvortveggja strand- og innlandskvæmum. Mestu var safnað af SEEDS-hóp á svæði Skógræktarfélags Eyfirðinga á Laugalandi á Pelamörk.

Úr þessum stafafurukönglum náðust um 5,4 kg af fræi. Engu öðru fræi var safnað á vegum Skógræktarinnar á Norðurlandi. Umsjón með Fræhúsinu og SEEDS-hópnum hafði Valgerður Jónsdóttir.

3.2 Fræsala

Á árinu var eftirfarandi magn af fræi selt frá fræmiðstöðinni á Vöglum.

Magn eftir tegundum

Tegund	Magn í gr.
<i>Birki</i>	285,5
<i>Broddfura</i>	10,0
<i>Fjallapinur</i>	10,0
<i>Hengibirki</i>	5,0
<i>Hrymur</i>	3.365,0
<i>Ilmreynir</i>	5,0
<i>Lindifura</i>	71,0
<i>Mýrarlerki</i>	16,0
<i>Reyniviður</i>	100,0
<i>Sitkagreni</i>	1.920,0
<i>Sitkaölur</i>	21,0
<i>Stafafura</i>	2.370,0
<i>Steinbjarkarblend.</i>	5,0
<i>Úlfareynir</i>	35,0
Samtals:	8.218,5

Magn eftir tegundum og frænúmerum.

Tegund	Frænúmer	Magn í gr.
<i>Birki</i>	215001	285,5
<i>Broddfura</i>	209001	10,0
<i>Fjallapinur</i>	213001	10,0
<i>Hengibirki</i>	214003	5,0
<i>Hrymur</i>	217006	3.365,0
<i>Ilmreynir</i>	208055	5,0
<i>Lindifura</i>	216003	71,0
<i>Mýrarlerki</i>	208052	16,0
<i>Reyniviður</i>	208055	100,0
<i>Sitkagreni</i>	208036	42,0
<i>Sitkagreni</i>	208031	1.650,0
<i>Sitkagreni</i>	208032	3,0
<i>Sitkagreni</i>	208033	200,0
<i>Sitkagreni</i>	208036	25,0
<i>Sitkaölur</i>	215007	21,0
<i>Stafafura</i>	216010	10,0
<i>Stafafura</i>	215006	20,0
<i>Stafafura</i>	216001	40,0
<i>Stafafura</i>	216007	600,0
<i>Stafafura</i>	216008	1.200,0
<i>Stafafura</i>	216014	500,0
<i>Steinbjarkarblendingur</i>	208045	5,0
<i>Úlfareynir</i>	209002	35,0
	Samtals:	8.218,5

Upplýsingar: Valgerður Jónsdóttir.

4. Starfsfólk

Starfsfólk var þetta á árinu: Benjamín Örn Davíðsson aðstoðarskógarvörður, Lars Nilsen, Nick Christiansen, Valgeir Davíðsson, Teitur Davíðsson og Þuríður Davíðsdóttir unnu við skógarhögg og viðarvinnslu ásamt ýmsu fleiru. Nick var hér við störf um 3 mánaða skeið frá því í byrjun ágúst.

Sumarfólk var Ásmundur Ragnarsson og Erna Sigrún Valgeirsdóttir sem aðallega unnu á tjald- og hjólhýsavæðum. Benedikt Stefánsson og Raido Ravn unnu við skógarhögg, viðarvinnslu, gróðursetningu, viðhald girðinga og fleira tilfallandi.

Fjórir verknemar voru við störf á þessu ári hér á Vöglum. Fyrst ber að nefna Írana, þá John O'Brien og Robin Hatton, en þeir unnu hér um um þriggja mánaða skeið frá því um miðjan apríl. Þjóðverjinn Laura Winckelmann vann hér frá því um miðjan ágúst og út árið. Og Sviinn Mathilda Bertils starfaði hér í tvær vikur í lok ágúst. Reyndust þessir verknemar allir með miklum ágætum.

Allmiklar hræringar voru á starfsmannamálum starfstöðvarinnar á Vöglum. Raido Ravn var sagt upp störfum í lok júní eftir um 2,5 mánaða starf.

Benjamín Örn Davíðsson lét af störfum sem aðstoðarskógarvörður í byrjun árs að eigin ósk. Lars Nielsen lét einnig af störfum í lok júlí að eigin ósk og flutti aftur til Danmerkur. Vil ég þakka þeim báðum fyrir þeirra störf hér á Vöglum.

Valgerður Jónsdóttir sá um fræræktina og fræmál fræmiðstöðvarinnar. Í byrjun árs kom Teitur Davíðsson hægt og bítandi til starfa á nýjan leik eftir slysið sem hann varð fyrir. Eru það mikil gleðitíðindi.

Hópur frá SEEDS var við störf hér á svæðinu í byrjun september í rétt rúmlega vikutíma. Um var að ræða fólk frá Ungverjalandi, Mexíkó, Japan, Taílandi og tveir frá Spáni. Samtals sex manneskjur. Við sáum þeim fyrir fæði og húsnæði á Furuvöllum og unnu þau aðallega við könglasöfnun. Gekk þetta allt saman ágætlega fyrir sig. Valgerður Jónsdóttir hafði umsjón með hópnum.

5. Girðingar

Viðhald girðinga var í meðallagi þetta árið. Um viðhald girðinga á Sigríðarstöðum, Melum og Skuggabjörgum, Þórðarstöðum og Belgsá, Grund, Kristnesi og Vöglum á Þelamörk sá starfsfólk Skógræktarinnar á Vöglum. Valgeir Davíðsson sá svo um að taka niður girðingu fyrir veturinn á Þórðarstöðum og Belgsá.

Verktakar sá um viðhald á eftirtöldum girðingum: Á Vöglum í Fnjóskadal vann Sigurður Jóhann Freygarðsson, ábúandi á Hálsi, verkið. Á Gilá í Vatnsdal sá Ingbór J. Kristmundsson um viðhald.

Verktakar höfðu umsjón með smölun á eftirtöldum svæðum: Í Þórðarstaðaskógi og á Belgsá sá Sigurður Jóhann Freygarðsson um smölun. Ármann Olgeirsson sá um girðinguna í Mela- og Skuggabjargaskógi.

6. Skógarhögg

6.1. Grisjun

Unnið var við grisjun og skógarhögg í skógum Skógræktarinnar á Hálsmelum, í Vaglaskógi og á Vöglum á Þelamörk. Einnig fengum við heimild til skógarhöggs og grisjunar á svæði Skógræktarfélags Þingeyinga í Fossseli og í Reykjaskógi sem er í eigu Norðurorku. Einnig í skóglendum í einkaeigu á Hróarsstöðum, Mörk og Vaði.

Enginn vélgrisjun var í gangi í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi og er það mjög slæmt mál. Okkar víðfeðmu ræktuðu skógar verða ekki grisjaðir í neinum mæli á annan hátt. Grisjun í ræktuðum skógi var því lítil í ár eða sem nemur 3,2 ha. Í birkiskógi var umfang grisjunar svipað og síðustu ár og grisjaðir um 6,4 hektarar. Samtals voru því grisjaðir um 9,6 hektarar í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi.

Eftirtaldir reitir og svæði voru grisjuð á árinu:

Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Fosssel	14, 16, 17, 25, 39, 43	0,66	Birki	Vor	
Hálsmelar	594	1,20	Rússalerki	Sumar	Hluti reitar
Hróarsstaðir	3	0,50	Birki	Vor	
Mörk	1	0,50	Birki ofl.	Haust	
Reykjaskógur	1 til 5	2,99	Birki	Sumar	
Vað	1	0,16	Birki	Vor	Fjallapinsreitir.
Vaglaskógur	404, 425, 501	1,56	Birki	Haust	
Vaglaskógur	37 og 310	0,64	Rauðgreni	Sumar	
Vaglaskógur	139	0,30	Stafafura	Haust	Hluti reitar
Vagllir þelamörk	12 og 14	1,00	Rússalerki	Vor	
Vagllir þelamörk	8	0,10	Stafafura	Vor	Hluti reitar
	Samtals:	9,6			
	Þar af grisjun á birki:	6,4			

7. Sala afurða

7.1 Sala girðingarstaura

Seldir voru samtals um 500 girðingarstaurar til eins aðila, þ.e. Guðbergs Eyjólfssonar í Brúna-gerði.

7.2 Viðarsala

Afurð	Fjöldi poka/sekkja/annað	m ³ f	Athugasemdir
Bolviður fura, lerki, greni og ösp		120,6	
Bolviður birki, smíðaviður		0,4	
Borðviður lerki í m ³		1,0	
Borðviður annað í m ³		0,9	
Arinviður birki um 20 kg.	5.083	122,0	
Birkiarfsag í stórsekkjum	11,0	5,5	
Arinviður barr um 12 kg.	17	0,3	
Barrviðararfsag í stórsekkjum	7,7	3,9	
Kurl lerki	42	21,0	Stórsekkir
Kurl annað	35	17,5	
Kurl birki/annað	452	12,2	Reykingarkurl 60 lítra pokar
Plattar		1.057	Í stykkjatali
Samtals m³f		305,3	

Í ár var seldur um 121 m³f af bolvið og var Fellsskógur ehf. langstærsti kaupandinn. Eins og áður keypti Olís nær allan arinvið af okkur. Áfram seldist mikið af birkikurli til reykingar á matvælum. Stærsti kaupandinn var Norðlenska á Húsavík. Einnig var veruleg aukning í sölu á kurli í stórsekkjum og þá aðallega til nota í beð og göngustíga hjá einstaklingum.



Mynd: Skíði framleidd úr birki úr Vaglaskógi.

7.3 Jólatré

Taka jólatrjáa hófst í byrjun nóvember. Rauðgreni var fellt í Þórðarstaðaskógi í reitum nr. 4 og 19. Í Vaglaskógi var fjallapínur aðallega sóttur í reiti nr. 302 og 309. Blágreni sem sótt var í Vagli á Þelamörk var tekið í reit nr. 213 og fjallapínur í reit nr. 11. Stafafura var höggvin á víð og dreif um svæðið. Stærsti einstaki kaupandi jólatrjáa í ár var Gróðrarstöðin Sólskógar.

Felld tré

<i>Svæði</i>	<i>Blágreni</i>	<i>Fjallapínur</i>	<i>Rauðgreni</i>	<i>Stafafura</i>	<i>Samtals</i>
Vaglaskógur		6			6
Vagfir á Þelamörk	25	10	38	14	87
Þórðarstaðaskógur			37		37
Samtals:	25	16	75	14	130

Seld tré

Stærð	Blágreini	Fjallapínur	Rauðgreini	Stafafura	Samtals
75-100	2		4	1	7
101-125	5	4	15	4	28
126-150	3	4	24	3	34
151-175	4	3	22	2	31
176-200	6	1	5	2	14
201-250	1	2			3
251-300		1			1
301-400			1		1
401-500	1				1
Samtals:	22	15	71	12	120

8. Nýframkvæmdir

Á Hálsmelum var lokið við að lagfæra vegarkafinn frá Þjóðvegi við Háls og að gamla íþróttavellinum á Hálsmelum. Á gamla íþróttavellinum var útbúið bílastæði, afmarkað með stórgrýti og borin mül í. Einnig var byrjað á göngustígnum sem liggur um svæðið. Um verkið sáu þeir Brynjólfur Magnússon og Jón Þórólfsson.

Í neðra Hróarsstaðanesi var byggt upp sandkassasvæði í tengslum við leiksvæðið. Var svæðið hannað og byggt af Lars Nielsen og er það mjög vel heppnað.

Sett var niður rotpró í tengslum við nýja klósetthúsið í Brúarlundi.

Bílaplanið við A-svæðið á hjólhýsasvæðunum var lagfært og borin ofan í það mül.

9. Gróðursetning

Gróðursetning hófst 6. júní á Skuggabjörgum og var lokið um viku síðar á Hálsmelum. Á Skuggabjörgum var gróðursett í hluta reita nr. 78 og 90. Á Hálsmelum var gróðursett í reiti nr. 507, 534, 589 og 650 og í Þórðarstaðaskógi í reit nr. 83. Í heild voru gróðursettar 18.975 bakkaplöntur.

Yfirlit yfir gróðursetningu ársins

Staður	Tegund	Pl. aldur	Bakkagerð	Kvæmi	Fjöldi
Hálsmelar	Stafafura	1/0	Fp-67	Skagway	1.005
Skuggabjörg	Rússalerki	1/0	Fp-67		4.020
Skuggabjörg og Hálsmelar	Stafafura	1/0	Fp-67	Watson Lake	11.390
Þórðarstaðaskógur og Hálsmelar	Lerki	1/0	Fp-40	Hrymur	2.000
Hálsmelar	Rauðgreini	2/0	Fp-35	Bö	280
Hálsmelar	Blágreini	2/0	Fp-35	Rio Grande	280
				Samtals:	18.975

10. Byggingar

Haldið var áfram með lagfæringar á starfsmannahúsinu á Furuvöllum. Nú var skipt um glugga, einangrað og lagfært/skipt um klæðningu á veggjum í austur- og norðurhluta hússins. Eins var sett ný útihurð við innganginn að eldhúsinu. Útveggirnir voru eins og áður málaðir dalarauðir á þeim hluta hússins þar sem skipt var um klæðningu. Var þessum framkvæmdum lokið um mitt sumar.

Síðastliðið haust var eins og áður haldið áfram við að reyna að gera lagfæringar vegna leka á þakinu á íbúðarhúsinu á Þórðarstöðum.

Sett var upp nýtt klósetthús á tjaldsvæðinu í Brúarlundi og svæðið almennt séð tekið í gegn. Áður var eingöngu rennandi vatn á svæðinu en engar snyrtingar en slíkt er ekki boðlegt á tjaldsvæðum í dag.

11. Vélar og verkfæri

Á árinu var keyptur frá Þór hf. nýr Kubota-sláttutraktor til notkunar á tjald- og hjólhýsasvæðunum. Hann er afkastameiri en sá eldri og er einnig með lyftu þannig að hægt er að losa beint úr safnkassanum og á vagn. Er þetta algjör bylting varðandi umhirðu á tjaldsvæðunum. Í kjölfarið var Husqvarna-sláttutraktor Skógræktarinnar seldur Halldóru Þórarinsdóttur. Aftur bilaði skiptingin í Valmet-traktorunum. Sem betur fer tóku Kraftbílar ehf. allan þann kostnað á sig vegna mistaka við seinustu viðgerð.

Keypt var vararafstöð fyrir fræhúsið. Megintilgangurinn er sá að geta við rafmagnsleysi og bilun í dreifikerfi haldið hita í húsinu þegar það er nauðsynlegt.

12. Ýmislegt

12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir

23. til 24. janúar	Starfsmannafundur Skógræktarinnar haldinn á Selfossi.
26. feb. til 1. mars	Ferð til Finnlands á vegum Jötuns véla. Megintilgangur að skoða og fræðast um notkunarmöguleika dráttarvéla við vinnu í skógi.
14. mars	Aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla á Furuvöllum.
11. til 12. apríl	Fagráðstefna skógræktar í Hofi á Akureyri.
25. maí	Tjald- og fastleigusvæði opnuð í Vaglaskógi.
23. júní	Skógardagur Norðurlands í Vaglaskógi.
10. ágúst	Landgræðsluskóli HSP kom í heimsókn og fékk leiðsögn um Vaglaskóg og Hálsmeila.
12. september	Skoðaðar aðstæður til skógræktar á þremur ríkisjörðum.
15. september	Tjald- og fastleigusvæðum lokað í Vaglaskógi.
3. desember	Aðalfundur veiðifélags Fnjóskár.
9. desember	Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Dagana 26. febrúar til 1. mars fór Valgeir Davíðsson ásamt undirrituðum í ferð á vegum Jötuns véla til Finnlands. Megintilgangurinn var að skoða og fræðast um notkunarmöguleika dráttarvéla við vinnu í skógi. Reyndist ferðin mjög lærdómsrík.

Skógardagur Norðurlands var í ár haldinn í Vaglaskógi þann 23. júní í samstarfi við félag skógar- eigenda á Norðurlandi og skógræktarfélög á svæðinu. Dagurinn heppnaðist vel og aðsókn var mjög góð, hátt í 300 manns mættu.

Hinn hefðbundni Jólamarkaður var haldinn þann 10. desember í starfstöð Skógræktarinnar á Vöglum. Eins og áður var handverksfólk í Þingeyjarsveit og víðar með söluvörur af ýmsum toga en þó aðallega handverk og matvöru. Einnig seldi Skógræktin varning úr skóginum. Aðsókn að markaðnum var góð og komu hátt í 250 manns í Vaglaskóg þennan dag í ágætu veðri. Næm- endur af unglingastigi Stórutjarnaskóla seldu veitingar á markaðnum til fjáröflunar fyrir ferða- sjóð sinn. Þann 12. september var farið ásamt Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur og Þresti Eysteins- syni skógræktarstjóra og skoðaðar aðstæður til skógræktar á þremur jörðum í Skagafirði og A- Húnavatnssýslu þ.e. Tungu í Fljótum, Írafelli í Lýtingsstaðahreppi og Þverárdal í Laxárdal – við Bólstaðarhlíð.

Fjögurra skóga hlaupið var haldið í áttunda sinn þann 28. júlí. Eins og áður sá Björgunarsveitin Þingey um framkvæmdina.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í þokkalegu meðallagi þetta ár enda tíðarfar frekar hagstætt þótt vætusamt hafi verið á köflum í júlí. Opnað var í lok maí og lokað um 10. september. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 6.256 og skiptust þannig: Í maí 29, í júní 1.392, í júlí 3.063, í ágúst 1.652 og 120 í september. Samtals voru gestakomur 4.164 á tjaldsvæðunum. Hlutfall erlendra ferðamanna var einungis um 5,3%.

Vöglum, apríl 2020, Rúnar Ísleifsson